

**Nafn:** Edvard Börkur Edvardsson

**Heimilisfang:** Daltún 10, 200 Kópavogi

**Netfang:** eborkur@gmail.com

**Fjölskylda:**

Maki: Berghildur Erla Bernharðsdóttir, fjölmiðlakona

Börn: Sigurbjörn B. Edvardsson, lögfræðingur og Edvard Dagur Edvardsson, hönnuður

**Starf:** Sjálfstætt starfandi

Ég hef verið félagsmaður í knattspyrnufélaginu Val frá blautu barnsbeini og s.l. 21 ár sem stjórnarmaður, varaformaður og formaður knattspyrnudeildar. Þá hef ég einnig gegnt stöðu varaformanns aðalstjórnar ásamt ýmsum öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Í minni stjórnartíð er ég m.a. stoltur af því að jöfn áhersla var lögð á kvenna- og karlaíþróttir hjá félaginu. Þá lagði ég mikla áherslu á að virkja og efla samstarf á milli deilda og auka á skilning og samhug í öllu íþróttastarfi félagsins.

Ég hef verið farsæll stjórnandi í knattspyrnuhreyfingunni og ávallt borið hag heildarinnar fyrir brjósti. Í störfum mínum fyrir Val hef ég kynnst og unnið með knattspyrnufélögunum og sjálfbóðaliðum í grasrótinni ásamt starfsfólki, stjórnarmönnum og formönnum KSÍ.

Ég hef unnið ötullega að framgangi félaganna innan KSÍ og barist fyrir þróun og velgengni íslenskar knattspyrnu.

Ég tel að reynsla mín, kraftar, þekking og áhugi fyrir íslenskri knattspyrnu muni nýtast félögunum um land allt við að taka áfram framfaraskref knattspyrnunni til heilla. Ég hef því tekið ákvöðrun að bjóða fram krafta mína til stjórnar KSÍ á komandi þingi.

Virðingarfyllst

E.Börkur Edvardsson